

EFTIRLITSSKÝRSLA

Mýrdalshreppur við Uxafótarlæk



Dags eftirlits	12.6.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Mýrdalshreppur	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Austurvegi 17	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4612830399	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Freyr Elínarsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	501748,175 324486,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirliti nú og eru útistandandi þjú eldri frávik. Af eldri frávikum þá varðar eitt takmörkun aðgangs inn á urðunarstað, annað skil á skráningum sbr. því sem kemur fram í starfsleyfi og þriðja að skráningum var ekki skilað innan tilskilins tímafrests sem fjallað er um í starfsleyfi.

Frávk eftirlits nú varða umfang starfseminnar og geymslu úrgangs (efnis) sem er óheimil á urðunarstað og seinna varðar frágang urðarreina.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Mýrdalshrepps við Uxafótarlæk i í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Útgáfudagur starfsleyfis var 1.júní 2010 og er gildistími þess til 1.júní 2026. Heimilt er að urða 80 tonn af úrgangi á ári, eingöngu úrgang sem á uppruna í Mýrdalshreppi.

Dagskrá eftirlits var tvískipt. Fyrst var farið í skoðunarferð á urðunarstað þann 12. júní og svo eftirliti fylgt eftir með fjarfundi þann 1. júlí.

Á dagskrá voru eftifarandi atriði:

- Breytingar á rekstri
- Staðan á urðunarstað
- Úrgangsskráningar
- Farið yfir helstu ákvæði starfsleyfis
- Eftirfylgnimál

Urðunarstaðurinn er tvískiptur, og skiptist beggja megin af Þjóðvegi 1. Norðan vegar er urðaður óvirkur úrgangur, en sunnan vegar er urðuð seyra.

Enginn fastur starfsmaður er á urðunarstað. Starfsmaður áhaldahúss fer á svæðið og er mjög tilviljunarkennt hvenær það er og hvenær tekið er á móti úrgangi.

Urðun á staðnum hefst um aldamótin, deiliskipulag svæðisins var samþykkt í kringum 1998. Fyrir þann tíma, er ekki vitað til þess að urðun hafi átt sér stað á urðunarstaðnum. Aðalskipulag Mýrdalshrepps var endurskoðað fyrir tímabilið 2021-2033. Í aðalskipulagi koma ekki fram neinar breytingar vegna urðunarstaðarins.

Senn líður að gildistími starfsleyfis renni út, og var rekstraraðila bent á það í eftirliti. Var honum kynnt sérstaklega ákvæði starfleyfis, gr. 1.8 og 4.5 í er fjalla um lokun urðunarstaðar og endanlegan frágang á urðarreinum og að áætlun um endanlegan frágang og landnotkun eftir lokun urðunarstaðar skuli liggja fyrir ekki seinna en ári áður en starfsemi lýkur og þ.a.l. þarf að berast fyrir 1. júní 2025.

Í eftirliti nú var ljóst að önnur starfsemi fer fram vestar á lóð urðunarstaðar, norðan Þjóðvegar 1. Við eftirlit kom fram að þarna væri um tímabundna geymsla á efni frá Vegagerðinni vegna

vegaframkvæmda. Var rekstraraðili beðinn um nánari útskýringar á starfseminni sem þar fer fram eftir eftirlit, eftirlitsaðili hefur ekki fengið nánari útskýringu á henni. Rekstraraðili skal upplýsa útgefanda starfsleyfis tímanlega um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið sbr. 13 gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Við áform um slíkar breytingar skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfi eftir því sem við á. Sbr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sbr. viðauka [I, II og IV] hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út [sbr. þó 7. gr. a og 8. gr.]. Óheimilt er að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann [skráður samkvæmt ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur skv. 1 mgr. 8 gr.] Að auki skal allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða.

Heimilt er að urða 80 tonn af úrgangi á ári. Við eftirlit lágu ekki fyrir upplýsingar eða skráningar um magn og tegundir af úrgangi sem hafa verið urðuð árið 2023. Kom í ljós við eftirlit að mistök hafa orðið varðandi skráningar í gagnagátt Umhverfisstofnunar varðandi úrgagnstölur. Var búið að færa skráningar vegna Mýrdalshrepps undir skráningar hjá öðrum rekstraraðila. Var rekstraraðila bent á mistökin í eftirliti og var brugðist strax við og úrgangstölur uppfærðar. Við Uxfótalæk voru urðuð 58 tonn af ristarúrgangi og seyrar árið 2023, árið 2022 voru urðuð hins vegar 49 tonn. Engar skráningar vegna óvirks úrgangs eru færðar inn.

Útstandandi eru þrjú frávik úr eldri eftirlitum. Eru tvö útstandandi frávik síðan 2019. Fyrsta frávikið varðar takmörkun aðgangs inn á urðunarstað, sbr. gr. 2.1 í starfsleyfi (einnig frávik 2023) og hins vegar varðandi það að senda skal eftirlitsaðila niðurstöður skráninga (einnig frávik 2023) sbr. gr. 5.3 í starfsleyfi. Útstandandi er frávik síðan 2023 og varðar skil rekstraraðila innan tilskilins tímafrests og sbr. gr. 5.1 í starfsleyfi, þ.e. niðurstöðum skráninga ber að skila fyrir 1 maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.

Takmörkun aðgangs telst ekki fullnægjandi á urðunarstað. Eru girðingar lúnar og þarfnaðar viðhalds. Við eftirlit var búið að draga keðju fyrir innkeyrslu að urðunarstað. Fór fram athugun seinna snemma í Ágúst og var þá aðgangur ótakmarkaður og engin starfsemi sjáanleg.

Við eftirlit nú eru nánast sömu óvirku úrgangshaugar til staðar og voru þar árið 2023, þarf að hreinsa úr úrganginum efni sem ekki flokkast sem óvirkur úrgangur og klára frágang á þeim í samræmi við þær kröfur sem koma fram í starfsleyfi, gr. 4.3 og varðar frágang urðunarreina. Úrgang skal leggja í urðunarrein, þó skal mest ein rein vera í notkun fyrir hvern úrgangsflokk hverju sinni og stærð hennar haldið í lágmarki. Hafa þarf í huga endanlegan frágang urðunarreina sbr. 4.5 eftir að urðun lýkur.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
1.2 í starfsleyfi er fjallar um umfang starfseminnar	Óheimilt er að geyma úrgang á urðunarstaðnum. Ennfremur, sbr. 1.4. í starfsleyfi, þá skal rekstraraðili upplýsa útgefanda starfsleyfis tímanlega um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Við áform um slíkar breytingar skal útgefandi starfsleyfis endurskoða
4.3 og varðar frágang urðarreina:	Úrgang skal leggja í urðunarrein og ekki skal vera nema ein urðunarrein í notkun hverju sinni fyrir hvern úrgangsflokk. Úrgangi hefur verið komið fyrir á yfirborði urðunarstaðar, úrgangshaugar hafa staðið óhreyfðir lengi og eru ekki urðaðir sbr. starfsleyfi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir
Halla Margrét Viðarsdóttir

bls. 4

